

12.05. 2020

Grafarvogur - Reykjavík

Vegna tillagna um breytingu á deiliskipulagi við Stórhöfða, milli húsa nr. 17 og 21.

Sú skipulagsbreyting gengur út á að koma þar fyrir smáhýsum ætluðum heimilislausum.

Meðlimir Íbúaráðs Grafarvogs hafa skynjað blendnar skoðanir og óvissu hjá Íbúum Grafarvogs og Bryggjuhverfis vegna þessa áforma og ekki hvað síst í ljósi fyrir hugaðrar uppsetningu smáhýsa á Gufunessvæðinu einnig. Þessi áform hafa afar lítið verið kynnt fyrir íbúum og sú mynd sem fólk hefur af slíku eru smáhýsin við Fiskislóð á granda. Sú ímynd er þannig að fólk óttast að fá slíkt í sitt nærumhverfi.

Íbúaráð óskar eftir að þessari tillögu verið frestað þar til í haus og tíminn notaður til að kynna þessi smáhýsa áform vel fyrir íbúum hveranna.

Íbúaráð Grafarvogs